

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa sjálfstæðisflokksins um fjölda barna sem koma á biðlista í mánuði

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 26. júní 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Hvað er gert ráð fyrir að mörg börn komi inn á biðlista í Reykjavík á mánuði?

Svar:

Fæðingarárgangar eru ekki allir jafn stórir og erfitt er að spá fyrir um umsóknir frá börnum sem ekki eru fædd ef horft er lengra fram í tíman. Þó er hægt að áætla um uppsafnaðar fjölda barna sem þurfa vistun fyrir næsta haust útfrá biðlistum og fjölda fæddra barna sem ekki eru komin á biðlista. Síðastliðin ár hafa 90% barna í yngstu árgöngunum skilað sér í leikskóla í borginni (borgarrekinn eða sjálfstætt starfandi). 2021 árgangurinn er talsvert stór í sögulegu samhengi og 2022 jafnframt yfir meðallagi.

Alltaf er eitthvað um að eldri börn bætist við á biðlista í hverjum mánuði og hefur orðið aukning á umsóknum frá þessum hópi á undanförunum árum samfara auknum aðflutningi frá öðrum löndum og uppbyggingu húsnæðis.

Ef horft er til miðgildisspár Hagstofunnar og að 90% þeirra barna sækja um leikskólavist og ef horft er til 3 mánaða vegins meðaltals fjölda umsókna sem okkur berast má gera ráð fyrir að 135-140 börn bætist að meðaltali við biðlista borgarinnar á hverjum mánuði. Þ.e. að 135-140 börn verði 12 mánaða eða eldri í hverjum mánuði sem sækja um leikskólavist.

